

Sp.

174. Fyrirspurn

[159. mál]

til fjármálaráðherra um kaup á Dauphine-þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvenær á árinu 1984 var samið um kaup á hinni nýju Dauphine-þyrlu Landhelgisgæslunnar?
2. Hver undirritaði samninginn?
3. Í hvaða gjaldmiðli var samið um greiðslu?
4. Hvert var verðið sem um var samið í þeim gjaldmiðli?
5. Hvaða gengistryggingarákvæði voru í samningnum?
6. Hvaða búnaður var innifalinn í kaupunum umfram grundvallarbúnað („basic“-búnað)?
7. Hvaða búnaði var síðar bætt við og hvaða verð var á honum?
8. Hver er þyngd, burðargeta og flugþol þyrlunnar? Hvers vegna þurfti að fjarlægja tæki úr vélinni áður en henni var flogið frá Færeyjum til Íslands?
9. Hvaða aðili eða aðilar hafa haft umboð hér á landi fyrir Aerospatiale-verksmiðjurnar, sem þyrluna framleiddi, frá árinu 1980?

Skriflegt svar óskast.